

Menntun og mannækt

# Njarðvíkurskóli



Vikurfréttir

## Sjálfsmatsskýrsla fyrir skólaárið 2021-2022

|                                             |    |
|---------------------------------------------|----|
| 1. Inngangur.....                           | 3  |
| 2. Sjálfsmat.....                           | 3  |
| 2.1 Tilgangur matsins .....                 | 3  |
| 2.2 Rökstuðningur.....                      | 4  |
| 2.3 Lesendur.....                           | 4  |
| 3. Um skólann.....                          | 4  |
| 3.1 Lýsing á skólanum .....                 | 4  |
| 3.2 Stefna skólans .....                    | 4  |
| 3.2.1 Menntun.....                          | 4  |
| 3.2.2 Mannrækt.....                         | 4  |
| 3.2.3 Markmið .....                         | 4  |
| 3.2.4 Leiðir .....                          | 5  |
| 3.3 Stjórnun.....                           | 5  |
| 3.4 Nám og kennsla.....                     | 6  |
| 3.5 Námsmat .....                           | 6  |
| 3.6 Agamál.....                             | 7  |
| 3.7 Starfsfólk og starfsmannastjórnun ..... | 7  |
| 3.8 Foreldrasamstarf .....                  | 8  |
| 3.9 Skólanámskrá.....                       | 8  |
| 3.10 Ytra mat Menntamálastofnunnar .....    | 8  |
| 4. Viðmið við matið. ....                   | 9  |
| 5. Sjálfsmatsaðferðir og matstæki .....     | 9  |
| 5.1 Nemendakannanir .....                   | 9  |
| 5.2 Starfsmannakannanir .....               | 11 |
| 5.3 Foreldrakannanir .....                  | 11 |
| 6. Niðurstöður.....                         | 12 |
| 6.1 Stefnumörkun og stjórnun .....          | 12 |
| 6.2 Kennsluáðferðir og mat .....            | 13 |
| 6.2.1 Lestrar- og stærðfræðiskimanir.....   | 14 |
| 6.3 Starfsandi og líðan starfsmanna.....    | 16 |
| 6.3.1 Nemendur – árangur og líðan .....     | 19 |
| 6.4 Upplýsingastreymi .....                 | 25 |
| 6.4.1 Samskipti við forráðamenn.....        | 26 |
| 7. Framkvæmdamat .....                      | 28 |
| 8. Umbótaáætlun .....                       | 32 |

## 1. Inngangur

Í þessari skýrslu um sjálfsmat Njarðvíkurskóla er greint frá innra mati skólans og tekur sú skýrsla mið af niðurstöðum sem þegar liggja fyrir um innra starf og stefnu Njarðvíkurskóla skólaárið 2021-2022. Matið er unnið af stjórnendum og sjálfsmatsteymi skólans á grunni upplýsinga sem liggja fyrir í lok skólaárs. Niðurstöður eru bornar saman við markmið skólans og stefnu Reykjanesbæjar í fræðslumálum. Sterkar og veikar hliðar á þeim þáttum skólastarfsins sem teknar voru til athugunar í matsspurningum sem settar voru fram í áætlun um sjálfsmat Njarðvíkurskóla eru metnar. Umbóta- og aðgerðaáætlun er unnin á grunni sjálfsmatsskýrslunnar.

## 2. Sjálfsmat

### 2.1 Tilgangur matsins

Undanfarin ár hefur verið unnið að því að byggja upp skipulegt, áreiðanlegt og umbótamiðað mat á helstu þáttum skólastarfsins. Unnið hefur verið að viðmiðum um mat sem fram koma í lögum um grunnskóla og aðalnámskrá grunnskóla. Við úttekt Menntamálaráðuneytisins á sjálfsmatsaðferðum skólans 2008 uppfyllti Njarðvíkurskóli öll viðmið um aðferðir og framkvæmd. Í ytra mati Menntamálastofnunar í nóvember 2019 kom fram að vel er staðið að sjálfsmati skóla. Þeir þættir sem komu fram sem tækifæri til umbóta voru settir í umbótaáætlun skólans. Yfirumsjón með mati á skólastarfi hafa stjórnendur skólans, skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildastjórar. Umbótaáætlanir eru byggðar á greiningu á starfsmannasamtölum, niðurstöðum svara við spurningalistum sem lagðir eru fyrir starfsfólk, nemendur og forráðamenn. Einnig eru áætlanir byggðar á niðurstöðum skimunar- og könnunarprófa.

Tilgangur matsins er fyrst og fremst að skoða alla þætti skólastarfsins með það að leiðarljósi að bæta það sem betur má fara, efla það sem vel gengur og framfylgja þannig áætlun um sjálfsmat Njarðvíkurskóla. Í skólanámskrá Njarðvíkurskóla kemur fram að megingtilgangur með sjálfsmati skólans er að auðvelda starfsfólki skólans að vinna að framgangi markmiða hans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að faglegum grundvelli fyrir umbótum. Matið þarf að vera altækt þar sem það nær til allra þátta skólastarfsins og vera árangursmiðað, þar sem upplýsingarnar munu verða nýttar sem grundvöllur að ákvarðanatöku um frekari þróun skólastarfs. Matið er jafnframt samstarfsmiðað, þar sem það er unnið af starfsmönnum skólans á grundvelli margvíslegra upplýsinga sem safnað hefur verið saman og það er stofnana- og einstaklingsmiðað þar sem litið er á skólann sem heild og einstaklinga sem þar starfa.

### Tilgangur og markmið með sjálfsmati í skólastarfi er að:

- hjálpa skólanum að leita leiða til að bæta námsárangur nemenda
- efla þekkingu alls starfsfólks á stofnuninni sem heild
- styrkja meðvitund starfsmanna um markmið skólans
- auka samstarf og samheldni
- skapa umræðu og skoðanaskipti
- veita stuðning við erfiðar aðstæður
- bæta starfsaðstæður og stuðla að betri líðan þeirra sem í skólanum starfa
- kynna hagsmunaaðilum starfsemi skólans

## 2.2 Rökstuðningur

Í lögum um grunnskóla nr. 658/2009 er kveðið á um að sérhver grunnskóli skuli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 2. og 3. greinar laganna með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra sem við á. Grunnskólinn skal birta opinberlega upplýsingar um innra mat sig, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Með sjálfsmatinu gerum við okkur betur grein fyrir stöðu skólans, hverjar eru sterkar og veikar hliðar hans. Sjálfsmatið er órjúfanlegur hluti af skólastarfinu og unnið því til framdráttar. Tilgangur þessarar skýrslu er í fyrsta lagi að taka saman það sem þegar hefur verið gert til að meta starfsemi skólans og bera það saman við þá aðgerðaráætlun sem unnið er eftir. Einnig hvernig verði best unnið að því að svara þeim spurningum um starf skólans sem settar eru fram í áætlun um sjálfsmat Njarðvíkurskóla.

## 2.3 Lesendur

Skýrslan á að nýtast sem vinnuplagg fyrir starfsmenn skólans um mat á skólastarfinu. Þannig verður matið tæki til þess að gera aðgerðaráætlanir til þess að takast meggi að vinna að áframhaldandi skólaþróun í Njarðvíkurskóla. Sjálfsmatsskýrsla þessi er skrifuð með það fyrir augum að hún skuli verða opinber. Hún er kynnt fyrir starfsfólki skólans, nemendum, forráðamönnum, fræðsluráði og bæjaryfirvöldum. Einnig er hún birt á heimasíðu skólans.

# 3. Um skólann

## 3.1 Lýsing á skólanum

Njarðvíkurskóli var stofnaður 1942 og var skólahúsnæðið tekið í notkun í febrúar 1943. Oft hefur verið byggt við upprunalegt húsnæði, síðast árið 2000. Skólinn er vel búinn tækjum og aðstaða fyrir starfsfólk og nemendur er nokkuð góð. Njarðvíkurskóli er umhverfisvænn grunnskóli sem leggur áherslu á lestrarnám á öllum stigum skólans. Veturinn 2021-2022 voru 406 nemendur í 1.-10. bekk í skólanum. Skólinn hefur einnig undir sinni stjórn tvær sérdeildir sem þjóna öllum grunnskólum Reykjanesbæjar og eru deildirnar í tveimur húsum á lóð skólans. Önnur deildin, Ösp, er ætluð nemendum með þroskahömlun og/eða fötlun og hin deildin, Björk er ætluð nemendum sem vegna hegðunarerfiðleika í heimaskólum sínum eru tímabundið vistaðir í deildinni.

## 3.2 Stefna skólans

*Einkunnarorð Njarðvíkurskóla eru menntun og mannrækt.*

### 3.2.1 Menntun

Við kappkostum að uppfylla ákvæði aðalnámskrár grunnskóla um almenna menntun sem eina meginstoð lýðræðis, undirstöðu menningar og almennrar velferðar. Í samvinnu við heimilin, viljum við búa nemendur undir líf og starf í lýðræðislegu þjóðfélagi, dýpka skilning þeirra á samfélaginu og hlutverki einstaklingsins í því.

### 3.2.2 Mannrækt

Við viljum finna og rækta hæfileika sérhvers nemanda svo hann nái að þroskast og mótast af gildum lýðræðislegs samstarfs sem einkennist af mannhelgi, réttlæti og félagsanda, virðir mismunandi einstaklinga og leyfir einkennum þeirra að njóta sín.

### 3.2.3 Markmið

Markmið okkar eru að öllum nemendum geti liðið vel í skólanum og góð samvinna takist milli

heimila og skóla.

Markmið okkar eru enn fremur að nemendur:

- beri ábyrgð á eigin námi
- verði sjálfstæðir í vinnubrögðum og geti valið sér verkefni eftir áhugasviði
- geti nýtt sér tölvu- og upplýsingatækni í vinnu sinni
- þjálfi félagsfærni sína í samvinnu við aðra nemendur og kennara
- fái tækifæri til að takast á við fjölbreytt verkefni og vinna með margskonar efnivið í samvinnu við aðra nemendur og kennara
- verði færir um að meta stöðu sína í námi
- verði færir um að meta vinnu sína og samnemenda á gagnrýninn og jákvæðan hátt
- læri að taka ábyrgð á orðum sínum og gerðum og temji sér sjálfsaga
- læri að tjá sig um skoðanir sínar og líðan án þess að særa aðra eða að ganga á rétt annarra
- beri virðingu fyrir umhverfi sínu

### 3.2.4 Leiðir

Með því að:

- vinna með lykilhæfni með öllum nemendum
- leggja rækt við það góða í manneskjunni
- bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum
- leggja áherslu á jákvæðan aga
- leggja áherslu á einstaklingsmiðað nám m.a. með samvinnu, þemavinnu, blöndun hópa og flæðis milli námsgreina
- skipuleggja námið með mismunandi yfirferð námsefnis á misjöfnum tíma til að mæta hverjum nemenda þar sem hann er staddur
- nemendur taki þátt í að setja sér raunhæf markmið í samvinnu við kennara og forráðamenn
- nemendur taki þátt í að meta vinnu sína og verk
- vekja áhuga og virðingu nemenda fyrir umhverfinu sínu með öflugri umhverfismennt
- efla kennslu í lífsleikni frá upphafi skólagöngu nemenda
- þjálfa tjáningu og framsögn

Stefna skólans tekur einnig mið af Menntastefnu Reykjanesbæjar sem var samþykkt í bæjarstjórn Reykjanesbæjar í september 2021 og gildir til 2030. Menntastefnan ber heitið „Með opnum hug og gleði í hjarta“ og er meginmarkmið hennar að skapa öllum börnum og ungmennum í Reykjanesbæ öruggt og hvetjandi umhverfi þannig að þeim líði vel, þau hafi tækifæri til að rækta hæfileika sína og blómstra með opnum hug og gleði í hjarta. Menntastefnunni er skipt í þrjú leiðarljós sem einkenna allt starf með börnum í sveitarfélaginu en þau eru: „Börnin mikilvægust - Kraftur fjölbreytileikans - Faglegt menntasamfélag. Þá eru fimm megináherslur sem ná yfir þá eiginleika og hæfni sem stefnt er að til að þroska og efla hjá börnum í leik og starfi. Þessar áherslur eru: Við og jörðin – Sköpunargleði - Mér líður vel - Allir með - Opnum hugann (úr Menntastefnu Reykjanesbæjar 2021-2030).

### 3.3 Stjórnun

Stjórn skólans skipa skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjórar eldri og yngri deilda. Við skólann starfar náms- og starfsráðgjafi í 100% starfi. Ýmis teymi og nefndir kennara og þroskaþjálfara eru starfandi í skólanum sem halda utan um mismunandi málaflokka svo sem læsisteymi, umhverfis- og grænfrátateymi, PBS teymi, eineltisteymi, jafnréttisnefnd, áfallateymi, hátíðarnefnd, viðburðarnefnd, heilsu- og forvarnarteymi, o.fl. Í upphafi skólaárs er

gefið út fundardagatal og eru settir inn starfmanna-, kennara- og deildafundir. Fundardagar fyrir slíka fundi eru á miðvikudögum. Nemendaverndarráð er skipað stjórnendum skólans, sérkennurum skólans, náms- og starfsráðgjafa, sálfræðingi, hjúkrunarfræðingi, kennsluráðgjafa frá Fræðsluskrifstofu RNB og fulltrúa frá fjölskyldudeild RNB. Ráðið fundar tvisvar í mánuði og hefur það hlutverk að vinna að velferðarmálum nemenda. Við skólann starfar skólaráð undir stjórn skólastjóra og fundar það reglulega. Einnig er starfandi foreldrafélag við skólann.

### 3.4 Nám og kennsla

Í Njarðvíkurskóla eru tíu árgangar og í öllum árgöngum eru tveir bekkir nema í 5. bekk, þar eru þrír bekkir í árgangi vegna fjölmennis. Í árgangi 4. bekkjar var teymiskennslufyrirkomulag þar sem tveir kennarar kenndu árganginum saman og var það verkefni styrkt af Nýsköpunar- og þróunarsjóði Fræðslusviðs Reykjanesbæjar. Í Njarðvíkurskóla er lögð áhersla á sveigjanlega kennsluhætti og er það viðurkennt að nemendur þurfa mislangan tíma til að ná settum markmiðum. Nemendur í 8.-10. bekk hafa sex tíma í valgreinum á viku og geta nemendur í 9. og 10. bekk geta einnig sótt tilteknar valgreinar í Fjölbautaskóla Suðurnesja en auk þess geta nemendur fengið íþróttaiðkun, tónlistarnám og starf með björgunarsveit metið sem val. Í list- og verkgreinum í 1.-7. bekk er bekkjum skipt í minni hópa auk þess sem nemendur í 5.-6. bekk fara í smíðjur þar sem list- og verkgreinar auk forritunar er kennd.

### 3.5 Námsmat

Tilgangur námsmats er að afla upplýsinga sem eiga að hjálpa nemendum við námið. Nauðsynlegt er að námsmat hafi hagnýtan tilgang sem kennarar og nemendur þurfa að vera meðvitaðir um því að allar kennslufræðilegar ákvarðanir um námsframvindu nemenda eru byggðar á mati. Námsmat þarf að vera fjölbreytt svo hægt sé að koma til móts við alla nemendur og er námsmat undirstaða aðgreiningar í kennslu svo hugsa þarf um það sem leiðarvísi í gegnum allt nám. Megintilgangur námsmats er að leiðbeina nemendum um námið og aðstoða þá í því að ná markmiðum sínum. Námsmat á að veita nemendum og forráðamönnum þeirra upplýsingar um námsframvindu nemenda svo þeir geti skipulagt áframhaldandi nám sitt í samræmi við það. Námsmat fer ekki einungis fram í lok námstímans heldur er það einn af föstum þáttum skólastarfsins, órjúfanlegt frá námi og kennslu.

Fjölbreyttar námsmatsleiðir eru viðhafðar en með fjölbreyttu alhliða mati eru nemendur að yfirfara kunnáttu sína og ekki síður að bera ábyrgð á eigin námi sem er eitt af mikilvægum atriðum lykilhæfninnar. Með því að nemendur sjái tilgang með námi sínu verða þeir meðvitaðir um gildi þeirrar menntunar sem þeir verða aðnjótandi. Námsmat og endurgjöf er mjög stór þáttur í námi og sjálfsmynd nemenda og því verður að vanda vel framkvæmd þess. Mat er á vinnu nemenda allt skólaárið en með mati metur kennarinn færni nemanda í námi og starfi á sem fjölbreytilegastan hátt og getur þá í framhaldi veitt nemanda leiðsögn um hvernig hann getur bætt sig. Helstu áherslu í námsmati eru:

- verkefni, vinnubrögð og frágangur
- vinnusemi og sjálfstæði í vinnubrögðum
- skil á heimavinnu
- kannanir og próf
- mat á hópavinnu, samstarf og samvinnu
- sjálfsmat nemenda og jafningjamat

Kennari heldur utan um skráninguna jafnóðum skráir námsmatið á Mentor og svo fá nemendur vitnisburðarblað á skólaslitum.

Nemendum sem eru með greiningu um náms- og/eða hegðunarraskanir er boðið upp á ýmiss konar stuðning við próftöku svo sem eins og að taka próf í fámennari hóp, með lengri próftíma eða lestar- og/eða skriftarstuðning. Tekið er tillit til mismunandi þroska, getu og bakgrunns nemenda þegar metið er.

Skólaárið er ein önn og fá nemendur formlegan vitnisburð á skólaslitum í lok hvers skólaárs. Nemendur fá þó óformlegan vitnisburð á samtalsdegi í janúar/febrúar þar sem farið er yfir það námsmat sem þá er lokið. Á samtalsdegi í október er farið yfir markmiðssetningu nemenda fyrir skólaárið auk þess sem forráðamenn og umsjónarkennari ræða um námslega og félagslega stöðu nemandans. Í byrjun maí fá nemendur mat á lykilhæfni þar sem umsjónarkennari auk annarra kennara sem koma að nemendum meta nemendur í eftirfarandi lykilhæfniflokkum: tjáning og miðlun, samvinna, skapandi og gagnrýnin hugsun, nýting miðla og upplýsinga, sjálfstæði, ábyrgð og mat á eigin námi.

Eftirlit með námsárangri er í höndum umsjónarkennara og deildarstjóra. Miklu máli skiptir að nemendur viti fyrir fram hvaða þættir verða metnir og til hvers skólinn ætlast af þeim. Útfærsla námsmats kemur fram í hverri grein í bekkjarnámskrá hvers árgangs einnig kemur það fram á Mentor hjá nemendum. Deildarstjóri eldra stigs hélt utan um innleiðingu á námsmati skv. aðalnámskrá grunnskóla ásamt öðrum stjórnendum og sá um að kynna fyrir kennurum, nemendum og forráðamönnum skipulag námsmats.

Einkunnir nemenda í 1. – 10. bekk eru gefnar á vitnisburðarblöðum í lok skólaárs. Hjá nemendum í 1.-6. bekk er vísað í sundurliðun á hæfnimati nemenda á Mentor í öllum fögum en lesfimi, lesskilningur, ástundun og umsögn koma fram á vitnisburðarblaði. Nemendur í 7.-9. bekk fá einkunn fyrir grunnfög, valfög, lesfimi, lesskilning og ástundun er gefin í tölum. Þar er einnig vísað í sundurliðun á hæfniviðmiðum á Mentor. Nemendur í 10. bekk fá einkunn í bókstöfum út frá matsviðmiðum aðalnámskrár grunnskóla. Lesfímieinkunn er gefin í orð lesin á mínútu þar sem metin eru lestrarnákvæmni og leshraði. Nauðsynlegt er að hafa í huga að við lok grunnskóla þurfa nemendur að geta lesið a.m.k. 180 orð á mínútu til að geta komist yfir það námsefni sem ætlast er til af þeim á framhaldsskólastigi. Stuðst er við viðmið í lesfimi frá Menntamálastofnun sem voru tekin til notkunar á skólaárinu eftir vinnu við þróun og skimunar- og stöðuprófa frá árinu 2015.

### 3.6 Agamál

#### PBS

Í skólanum er unnið eftir agakerfinu PBS (e. Positive Behavior Support) eða Heildstæður stuðningur við jákvæða hegðun. PBS er aðferð til að skapa gott andrúmsloft í skólum og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks. Lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun nemenda með því að kenna og þjálfra félagsfærni, gefa jákvæðri hegðun gaum með markvissum hætti og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun. Verkáætlun er í höndum teymis sem fundar reglulega undir handleiðslu teymisstjóra.

#### Stöndum saman gegn einelti

Njarðvíkurskóli vinnur eftir Stöndum saman gegn einelti sem er unnið í anda PBS agakerfinu. Nemendum er kennt að bregðast við áreiti með ákveðnu merki (bæði líkamstjáningu og orðum), ganga frá og síðast segja frá (hættu-gakktu-segðu frá). Unnið er markvisst að því að kenna nemendum og þjálfra í aðstæðum, sem þolanda, geranda og áhorfenda. Í skólanum starfar teymi sem hefur það verkefni að vinna að málum um grun um einelti. Teymið vinnur eftir sérstökum verkferlum sem aðgengilegir eru á heimasíðu skólans. Teymið skoðar sérstaklega niðurstöður í svörum nemenda í Skólpúlsum varðandi einelti.

### 3.7 Starfsfólk og starfsmannastjórnun

Við Njarðvíkurskóla starfa 103 starfsmenn þar af 31 kennari, 4 sérkennarar, 2 ÍSAT kennarar, 11 leiðbeinendur, 1 sérfræðingur, 4 þroskaþjálfar, 38 starfsmenn skóla, náms- og starfsráðgjafi, skrifstofustjóri, umsjónarmaður fasteigna, bókavörður, 2 umsjónarmenn frístundaskóla,

deildastjórar sérdeildanna í Björk og Ösp auk skólastjórnenda. Lögð er áhersla á gott samstarf alls starfsfólks og að allir starfsmenn stundi símenntun. Gerð er símenntunaráætlun fyrir hvert skólaár sem er hluti af skólanámskrá. Skólastjóri vinnur símenntunaráætlun út frá stefnu skólans og óskum starfsmanna sem fram koma m.a. í starfsmannasamtölum.

### 3.8 Foreldrasamstarf

Njarðvíkurskóli leggur áherslu á að góð samvinna takist á milli heimila og skóla. Samstarfið þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu, trausti og samábyrgð. Mikilvægt er að forráðamenn séu sáttir við starf skólans og styðji það. Unnið er í nánú samstarfi við foreldrafélag skólans að því að efla samstarf milli heimila og skólans og er stöðugt verið að leita nýrra leiða til að styrkja samstarfið.

Við skólann starfar foreldrafélag og skólaráð. Foreldrafélagið stendur fyrir föstum viðburðum í skólastarfinu s.s jólaföndri. Bekkjjarfulltrúar/foreldrahópar koma að samstarfi við kennara að skipulagi að bekkjarskemmmtunum. Skólaráð fundar reglulega undir stjórn skólastjóra. Skólaráð starfar eftir starfsáætlun sem er aðgengileg á heimasíðu skólans.

### 3.9 Skólanámskrá

Skólanámskrá Njarðvíkurskóla er unnin af stjórnendum ásamt starfsfólki skólans og tekur til allra þátta skólastarfsins og þær verklagsreglur sem þar gilda. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Jafnframt gefur hún kost á að laga fyrirmæli aðalnámskrár að sérstöðu hvers skóla og staðbundnum aðstæðum. Í skólanámskrá er birt stefna skólans og áætlun um skólastarfið næsta skólaár sem byggir á grunnskólalögum, aðalnámskrá grunnskóla og stefnumörkun sveitarfélagsins. Skólanámskrá Njarðvíkurskóla skiptist í fjóra hluta: Almennan hluta, starfsáætlun skóla, bekkjarnámskrár og starfsmannahandbók og er allir hlutar hennar fyrir utan starfsmannahandbókina birtir á heimasíðu skólans. Starfsáætlun skólanámskrár er endurskoðuð árlega en almennur hluti hennar er endurskoðaður á þriggja ára fresti. Á vormánuðum skólaársins 2021-2022 var farið í endurskoðun á skólanámskránni sem verður lokið við haust 2022. Hún mun því gilda frá 2022-2025.

### 3.10 Ytra mat Menntamálastofnunnar

Starf Njarðvíkurskóla var metið í nóvember 2019 með ytra mati. Matið unnu matsmenn á vegum Menntamálastofnunnar fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga. Matið er fyrst og fremst til að styðja skóla við að auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum. Tilgangur matsins er einnig að afla upplýsinga um skólastarf, árangur þess og þróun fyrir fræðslufirvöld, starfsfólk skóla, viðtökuskóla, forráðamenn og nemendur. Matið er til að tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla. Þeir þættir sem skoðaðir eru í ytra mati eru stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Skólinn óskaði svo eftir úttekt á vinnu við skóla án aðgreiningar. Skýrslan í heild sinni er aðgengileg á heimasíðu skólans sem og umbótaáætlun sem unnin var út frá niðurstöðum. Á skólaárinu 2020-2021 kallaði Menntamálastofnun eftir hvernig til hafði tekist að framfylgja umbótaáætlun. Vegna aðstæðna í samfélaginu tókst ekki að uppfylla alla þætti umbótaáætlunar og þeir þættir færðir yfir á næsta skólaár. Í lok skólaárs 2021-2022 var mat á umbótaáætlun var tekin saman, skilað til Menntamálastofnunnar og birt á heimasíðu skólans. Var umbótaáætlun skólans við ytra mati Menntamálastofnunnar samþykkt að öllu leyti.



#### 4. Viðmið við matið.

Í Áætlun um sjálfsmat Njarðvíkurskóla kemur fram að viðmið við matið er stefna skólans ásamt skólastefnu Reykjanesbæjar. Eftirtaldir matsspurningar voru settar fram í sjálfsmatsáætlun Njarðvíkurskóla:

1. Hefur skólinn skýra sýn og styrka stjórnun?
2. Eru kennsluaðferðir og mat á námi líkleg til að mæta ólíkum einstaklingum og bæta stöðugt framfarir?
3. Ríkir góður starfsandi innan skólans að mati starfsmanna og nemenda, þ.m.t. samskipti líðan og umhverfi?
4. Fá forráðamenn stöðugar upplýsingar um stöðu nemenda og skólastarfið almennt og finna þeir sig velkomna í skólann?

#### 5. Sjálfsmatsaðferðir og matstæki

Sjálfsmat skóla felst í því að afla með skipulögðum hætti upplýsinga um ákveðna þætti skólastarfsins, gjarnan á grundvelli matsspurninga. Gæði starfsins eru síðan metin með því að bera niðurstöður saman við markmið eða viðmið. Á grundvelli matsins eru loks teknar ákvarðanir um breytingar til að bæta árangur, sett markmið og gerð framkvæmdaráætlun þar um.

Hér er lýst aðferðum Njarðvíkurskóla við mat á árangri skólastarfsins. Aðferðirnar eru greinandi og byggja á sjálfsmatsáætlun, skólanámskrá, könnunum sem hafa verið lagðar fyrir forráðamenn, starfsmenn og nemendur, niðurstöðum prófa og styrk- og veikleikagreiningum ásamt ýmsum athugunum, viðhorfsskönnunum og tölfraðilegum upplýsingum um starfsemi skólans. Notuð er sú aðferð að innra mat, unnið á forsendum skólans, styðst við ytra mat yfirvalda og utanaðkomandi aðila. Þetta tvíhliða mat ætti að auka trúverðugleika og stuðla að umbótum á því sem metið er.

##### 5.1 Nemendakannanir

- **Skólapúlsinn** er vefkerfi sem miðar að því að veita skólastjórnendum stöðugan aðgang að nýjum upplýsingum sem aflað er mánaðarlega um þætti sem tengjast virkni nemenda og líðan þeirra í skólanum og um skóla- og bekkjaranda. Niðurstöður um stöðu nemenda í 6.-10. bekk eru bornar saman við niðurstöður fyrri mælinga í skólanum og við landsmeðaltal sem gefur skýrar vísbendingar um þróun mála í skólanum og stöðu nemenda í skólanum miðað við nemendur í öðrum skólum í landinu. Gerð spurningarkvarða og forritun vefviðmóts hófst í byrjun árs 2008 og forprófanir fóru fram í apríl og maí það ár. Skólaárið 2008-2009 var fyrsta ár Skólapúlsins í notkun. Nú fá þátttökuskólar upplýsingar um stöðu nemenda sinna reglulega í línuritum. Grunnskólar víðs vegar á landinu eru skráðir í verkefnið en nemendur í 6.-10. bekk taka þátt. Nemendum í 6.-10. bekk er skipt í hópa sem taka könnunina á mismunandi tíma á skólaárinu, þ.e. í september, nóvember, janúar, mars og maí. Niðurstöður eru birtar í stigum og prósentum. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur. Þegar niðurstöður úr hverri spurningu eru reiknaðar þá er það reiknað út í prósentum. Niðurstöður eru kynntar nemendum á vormánuðum af stjórnendum og farið er yfir hvaða áhrif starfsmenn og nemendur geta haft til að fá betri niðurstöður.

Svörun í Skólapúlsinum í ár var 92,8% eða alls 193 nemendur.

**- Lesferill Menntamálastofnunar sem skiptist í eftirfarandi hluta**

- lesfimi sem er markviss skráning á leshraða nemenda í 1.-10. bekk. Kennarar leggja fyrir nemendur lesfimiþróf á ákveðnum tímasetningum og færa niðurstöður þeirra inn í Skólagátt Menntamálastofnunar sem eru aðgengileg stjórnendum. Niðurstöður eru einnig færðar inn á Mentor svo þær séu aðgengilegar forráðamönnum.
- lesskimun lögð fyrir nemendur í 1. bekk til snemmtækrar íhlutunar. Niðurstöður eru sendar forráðamönnum og unnið með niðurstöður í skóla og heima.
- stuðningspróf eru markvisst lögð fyrir nemendur í 1. -10 sem ná ekki 90% viðmiðum (V1) í lesfimi sem Menntamálastofnun setur. Ef nemandi kemur út með veikleika miðað við jafnaldrá þá er brugðist við með markvissri lesfimiþjálfun fram að næsta lesfimiþrófi. Niðurstöður eru settar á Mentor og eru þannig aðgengilegar forráðamönnum í gegnum fjölskylduvef Mentors. Þeir nemendur sem fara í stuðningspróf Lesferils fá einstaklingsverkefni sem þeir vinna í skóla og heima með aðstoð forráðamanna til að efla lesfærni.
- matsrammi fyrir lesfimi - er hugsaður til að veita nemendum og forráðamönnum upplýsingar og endurgjöf um stöðu nemandans og hver næstu skref þurfa vera í kennslu og þjálfun lesfimi. Matsramminn lýsir því jafnframt vel hvað átt er við með hugtakinu lesfimi. Ramminn skiptist í fjóra þætti: a) Tjáning, b) Sjálfvirkni lestrar eða leshraða, c) Hljómfall og hendingar og d) Flæði. Með því að skoða rammann er auðvelt að átta sig á því hvað hver þáttur felur í sér og eins hver munurinn er á góðri eða slakri lesfimi. Ramminn sýnir glögg að leshraði og nákvæmni, sem mæld eru í lesnum orðum á mínútum á lesfimiþrófi, gefa ekki fullnægjandi mynd af stöðu nemenda og að mikilvægt sé að kenna, þjálfar og meta alla þætti lesfiminna. Góð lesfimi er ein meginforsendan fyrir góðum lesskilningi. Þess vegna er mikilvægt að kenna og þjálfar lesfimi markvisst og vel. Í maí er búið að meta alla þætti í matsrammanum hjá nemendum sem eru á milli viðmiða 1 og 2 og hann sendur heim til nemenda og forráðamanna.

**- Logos** – skimun lögð fyrir af kennsluráðgjöfum FRÆ fyrir nemendur í 6. og 9. bekk sem eru undir viðmiði tvö (V2) í lesfimi við lok 5. og 8. bekkjar. Niðurstöðum eru kynntar stjórnendum, kennurum og bréf sent rafrænt til forráðamanna. Niðurstöður eru nýttar til að skoða styrkleika og veikleika hvers nemanda bæði í leshraða og lesskilningi og til að sjá hvort nemandi þurfi frekari skoðun vegna lestrarörðugleika.

**- Talnalína** - er stöðupróf í stærðfræði sem er lagt fyrir nemendur í 3., 6. og 8. bekk. Prófið er til þess fallið að fylgjast með framvindu námsins og gefa kennurum og forráðamönnum tækifæri til að grípa inn í ef frammistaða er ekki viðunandi. Eftir að nemandinn hefur lokið við að taka alla efnisþætti prófsins þá er sent heim skjal þar sem er búið að tilgreina hvaða atriði nemandinn svaraði rétt og hvaða atriði þarf að þjálfar betur. Prófið metur A, B og C hæfni í stærðfræði en viðmiðið er að nemendur nái B hæfni í öllum þáttunum. Ítarefni fylgir stöðuprófinu og ef nemandi nær ekki einhverjum ákveðnum þáttum þá fær hann aukþjálfun í þeim þáttum þar sem B hæfni náðist ekki.

- **Samræmd próf** voru ekki lögð fyrir á skólaárinu í 4., 7. og 9. bekk frá Menntamálastofnun. Starfshópur um framtíðarstefnu um samræmt námsmat lagði til að samræmd könnunarpróf yrðu felld niður í núverandi mynd og áhersla lögð á að þróa þess í stað safn matstækja og prófa til að fylgjast með námsframvindu nemenda og bæta nám þeirra og námsárangur. Sú vinna er hafin með umræðuhópum víða um land, bæði meðal starfsmanna skóla sem og annarra sem koma að skólasamfélaginu.

- **Námsmat** í lok skólaárs, kynnt nemendum og forráðamönnum.

## 5.2 Starfsmannakannanir

- **Vinnustaðargreining Reykjanesbæjar** – gerð af Maskínu fyrir Reykjanesbæ. Markmið er að kanna viðhorf og líðan starfsmanna í þeim tilgangi að gera Reykjanesbæ að enn betri vinnustað. Lögð fyrir rafrænt dagana 17. nóvember - 19. desember 2021. Svarhlutfall í Njarðvíkurskóla var 82,4% en 65,4% í Ösp. Niðurstöður eru birtar í meðaltalssúlum sem standa fyrir eftirfarandi: Græn súla er með mesta styrkleikabil sem er 4.2-5.0, gul súla merkir tækifæri til nokkurra úrbóta og er á bilinu 3.7-4.19 og rauð súla stendur fyrir tækifæri til mikilla úrbóta og er á bilinu 1.0-3.69.

- **Starfsmannasamtöl** í mars/apríl. Greining á helstu styrkleikum og umbótaverkefnum sem fram koma í samtölunum. Niðurstöður nýttar í gerð Endur- og símenntunaráætlunar skólans.

- **Kaffihúsafundur.** Ákveðið var að færa kaffihúsafund starfsmanna frá vordögum yfir á haustdaga skólaárið 2022. Þar verður farið yfir einstaka þætti skólastarfsins, líðan/samskipti starfsfólks auk annars.

- **Lærum hvert af öðru.** Fagmenntaðir starfsmenn kynntu valin verkefni fyrir öðrum starfsmönnum á starfsmannafundum og starfsdögum.

- **Stjórnendaheimsókn í kennslu.** Allir stjórnendur fóru í heimsókn til kennara, fylgdust með og gáfu endurgjöf og ráð eftir heimsóknina.

- **Skýrslur teyma sem stýra afmörkuðum verkefnum innan skólans**

- **Framkvæmdarmat á viðburðum skólaársins**

## 5.3 Foreldrakannanir

-**Skólakynningarfundir, foreldraviðtöl, foreldrasamstarf.** Skólakynningar og foreldraviðtöl voru með öðru móti þetta skólaárið vegna takmarkanna vegna Covid. Skólakynningar voru sendar rafrænt heim til foreldra nema í 1. bekk en þar hittu kennarar foreldra seinnipart dags. Fyrri samskiptadagur var samtalið við kennara í heimastofu en seinni samskiptadagur var tekin á TEAMS samskiptaforritinu vegna samkomutakmarkanna vegna Covid. Kennarar skiluðu mati á hvernig til tókst á samskiptadegi til deildastjóra.

- **Viðhorfsskönnun forráðamanna** í tengslum við samtalsdag í febrúar og lögð fyrir forráðamenn nemenda í 3., 6. og 9. bekk. Forráðamenn svöruðu spurningum rafrænt eftir að hafa fengið tengil senda með viðhorfsskönnunni. Alls voru svör fyrir nemendur í 3. bekk 35 en 35 nemendur eru í árganginum. Í 6. bekk voru 38 svör en 47 nemandi er í árganginum og í 9. bekk voru 22 svör en 32 nemendur eru í árganginum.


## 6. Niðurstöður

Hér verður greint frá niðurstöðum úr þeim matstækjum sem skólinn styðst við í sjálfsmati skóla. Farið er yfir hverja matsspurningu fyrir sig sem sett var fram í upphafi og metnir styrk- og veikleikar. Einnig eru þau viðmið sem sett eru í skólanum tilgreind þar sem við á.

### 6.1 Stefnumörkun og stjórnun

Fyrsta matsspurningin er hvort skólinn hefði skýra sýn og styrka stjórnun.

Á matsdegi í febrúar 2022 svöruðu 77% forráðamanna því að þeir væru mjög eða frekar sammála um að vera ánægðir með stjórnun skólans sem eru sömu niðurstöður á síðasta skólaári. Þá eru 80% forráðamanna mjög sammála eða frekar sammála því að skólastjórnendur séu áhugasamir um að bæta skólastarfið sem er hækkun frá síðasta skólaári. Þá telja 78% forráðamanna að stefna og markmið sé kynnt með skýrum hætti sem lækkar aðeins frá fyrra ári. Frekar hátt hlutfall forráðamanna svarar hvorki né í öllum þessum þáttum.




starfsmannakönnun Maskínu er spurt um ánægju með stjórnun og eru niðurstöður 4.22 sem fellur þá undir græna súlu sem telst sem styrkleiki en 81.8% starfsmanna eru mjög eða frekar ánægð með stjórnun skólans en 5.2% fremur eða mjög óánægð. Þá eru niðurstöður við spurningunni um hvort stjórnandi taki á vandamálum um leið og þau koma upp jákvæðar, eða 4.21 en þar svara 84.4% að þeir eru því mjög eða frekar sammála en 3.9% mjög eða frekar ósammála. Í báðum þessum spurningum eru niðurstöður jákvæðari en meðaltal Maskínu.



Flestir starfsmenn upplifa að þeir fái þjálfun og fræðslu til að standa sig í starfi. 76.6% eru því mjög eða frekar sammála og 20,8% segja það í meðallagi. Enginn er mjög ósammála en 2.6% segjast vera fremur ósammála.

|                     | Fjöldi | %      |
|---------------------|--------|--------|
| Mjög sammála (5)    | 21     | 27,3%  |
| Fremur sammála (4)  | 38     | 49,4%  |
| Í meðallagi (3)     | 16     | 20,8%  |
| Fremur ósammála (2) | 2      | 2,6%   |
| Mjög ósammála (1)   |        |        |
| Gild svör           | 77     | 100,0% |
| Svöruðu ekki        | 1      | 1,3%   |
| Heildarfjöldi       | 78     | 100,0% |



Helst eru það leiðbeinendur sem þarf að huga að með þjálfun og fræðslu en grunnskólakennarar og starfsmenn koma herra út í meðaltals-súlunum.

10. Ég fæ þá þjálfun og fræðslu sem nauðsynleg er til að standa mig vel í starfi.

|         |       |             |
|---------|-------|-------------|
| Mæling: | Svið: | Stofnun:    |
| 2021    | Heild | Grunnskólar |

|                    |        |      |      |
|--------------------|--------|------|------|
| Heild              | Fjöldi | 717  | 3,91 |
| <b>Starfsheiti</b> |        |      |      |
| Grunnskólakennari  | 26     | 4,04 |      |
| Leiðbeinandi       | 6      | 3,83 |      |
| Starfsmaður        | 26     | 4,08 |      |

Meðaltöl fyrir hópa þar sem svarendur voru 5 eða fleiri.

**Skýring á litum meðaltals-súlna:**  
**Græn sula:** Styrkleikabil (4,20-5,00).  
**Gul sula:** Tækifæri til nokkurra úrbóta (3,70-4,19).  
**Rauð sula:** Tækifæri til mikilla úrbóta (1,00-3,69).

## Samantekt á styrkleikum og sóknarfærum:

- Ánægja með stjórnun skólans hjá forráðamönnum stendur í stað milli ára. Enn eru margir forráðamenn sem svara hvorki né.
- Styrkleiki kemur fram í starfsmannakönnun Maskínu varðandi stjórnun skólans og að starfsmenn upplifi að stjórnendur taki á vandamálum um leið og þau koma upp.
- Starfsmenn upplifa að þeir fái þá þjálfun og fræðslu sem til þarf til að standa sig í starfi.
- Helst eru það leiðbeinendur sem eru óöruggir og vantar uppá þjálfun og fræðslu og þarf að huga betur að því.
- Ánægja með kennsluheimsóknir stjórnenda, bæði hjá kennurum sem og stjórnendum.


## 6.2 Kennsluaðferðir og mat

Í Njarðvíkurskóla er lögð áhersla á fjölbreytta og einstaklingsmiðaða kennsluhætti. Samantekt úr kennsluáætlunum sýnir að kennsluaðferðir eru fjölbreyttar sem og námsmatsaðferðir. Í kennsluheimsóknum stjórnenda sem og við kynningar í lok skólaárs á verkefnum kennara kom fram fjölbreytileiki í námi nemenda og aukin áhersla á námsval nemenda.

Kennarar hafa verið að leggja aukna áherslu á leiðsagnarmat síðustu ár og í nemendakönnun Skólapiðlsins er spurt um tíðni leiðsagnarmats. Spurningarnar sem liggja þar að baki eru:

- kennararnir láta mig vita hve vel mér gengur í náminu.
- kennararnir ræða við mig um það sem gengur vel hjá mér og hvað sem gengur illa hjá mér í náminu.
- kennararnir segja mér hvað ég þarf að gera til að ganga betur í náminu.

Niðurstöður fyrir nemendur Njarðvíkurskóla eru rétt yfir landsmeðaltali, bæði meðal drengja og stúkna. Nemendur í 8. bekk eru marktækt yfir landsmeðaltali en nemendur í 6. bekk marktækt undir landsmeðaltali. Árgangar eru að halda svipuðum niðurstöðum og á síðasta skólaári en þá var 7. bekkurinn líka vel yfir landsmeðaltali.



Síðustu ár hafa orðið miklar breytingar á námsmati í skólanum og unnið að hæfnimiðara námsmati með áherslu á símat og fjölbreyttum matsverkefnum. Í upphafi skólaárs, fyrir vinnu á kennsluáætlunum var ákveðið að kennarar á unglingastigi ákveða hvort það eru lokapróf í faginu og var lokapróf í íslensku, stærðfræði og ensku. Í öðrum fögum var stuðst við símat yfir skólaárið.

Á kynningum fagmenntaðra starfsmanna undir heitinu „Lærum hvert af öðru“ kom fram fjölbreytt verkefnavinna sem og námsmat. Kynningarnar mældust vel fyrir og vöktu athygli. Mikil fjölbreytni var í verkefnum sem voru kynnt.

Stjórnendur fóru í kennsluheimsóknir á haustönn skólaársins og mældist það vel fyrir. Í viðtölum sem stjórnendur áttu við kennara eftir heimsóknirnar lýstu nær allir kennara yfir ánægju með heimsóknirnar.

### Samantekt á styrkleikum og sóknarfærum:


- Misjafnt er eftir árgöngum hvernig nemendur upplifa leiðsagnarmat og mikilvægt að kennarar geri meira úr því í kennslufyrirkomulagi.
- Nemendur í 8. bekk koma vel út í tíðni leiðsagnarmats og upplifa sig vel upplýsta um sína námsstöðu. Mikilvægt er að vinna betur með nemendur í 6. bekk en þeir eru undir landsmeðaltali.
- Nemendur í 10. bekk koma lágt út í tíðni leiðsagnarmats sem þarf að skoða þar sem þeir eru að fara yfir á næsta skólastig og mikilvægt að þeir séu vel upplýstir um sína stöðu í námi.
- Ánægja starfsmanna með kynningarnar „Lærum hvert af öðru“
- Faggreinakennarar á unglingastigi ákváðu hvort þeir væru með lokapróf og var lokapróf í íslensku, stærðfræði og ensku. Aðrir nýttu símat yfir skólaárið.

### 6.2.1 Lestrar- og stærðfræðiskimanir

Nemendur í 1. bekk taka lesskimun til snemmtækra íhlutunar í október og er unnið með niðurstöður heima og í skóla í þeim þáttum sem koma ekki vel út hjá nemendum. Deildarstjóri yngra stigs sér um fyrirögn prófanna og skipulag á vinnu með niðurstöður.


Allir nemendur í 1.-10. bekk taka lesfimipróf þrisvar sinnum yfir skólaárið, í september, janúar og maí. Niðurstöðurnar eru færðar inn í Skólagátt Menntamálastofnunar sem heldur utan um niðurstöðurnar fyrir skóla landsins og einnig á Mentor. Nemendur fá niðurstöður í fjölda orða á mínútu. Menntamálastofnun setur svo 3 viðmið í hverjum árgangi og miðað er við að 90% nemenda nái viðmiði 1, 50% nemenda nái viðmiði 2 og 25% nemenda nái viðmiði 3.

Niðurstöður nemenda í Njarðvíkurskóla við lok skólaárs eftir viðmiðum má sjá hér:



Hlutfallslega eru flestir nemendur í 5., 6. og 7. bekk undir viðmiðum en í þessum árgöngum eru yfir 40% nemenda undir viðmiði 1. Í 1. bekk eru 61,5% nemenda á milli viðmiða 1 og viðmiða 2, 26% nemenda voru yfir viðmiðum 3 og aðeins 7,69% nemenda voru undir viðmiði 1. Svipaðar niðurstöður voru í 3.-4. bekk og eru í 1. bekk.

Hér má sjá meðaltal lesinna orða og viðmið eftir árgöngum í Njarðvíkurskóla í maí 2022.



Kennsluráðgjafar frá Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar leggja Logos skimun fyrir þá nemendur í 6. og 9. bekk sem eru undir viðmiði 2 í lok 5. og 8. bekkjar að vori áður til að skima nemendur og sjá hvaða nemendur þurfa að fara í heildar lestrargreiningu. Farið er yfir niðurstöður á fundum með umsjónarkennurum og stjórnendum.

Í fyrsta skipti 2021-2022 var lagt fyrir stöðupróf í stærðfræði sem heitir Talnalína sem kemur í stað skimunarprófsins Talnalykils sem var lagt fyrir áður. Stöðuprófið er lagt fyrir nemendur í 3., 6. og 8. bekk. Tilgangurinn á þessu ári var að prófa og staðfæra Talnalínu ásamt öllum grunnskólum Reykjanesbæjar.

Umsagnir og mat kennara sem sáu um fyrirlögn;

- Ánægja með Talnalínu.
- Talnalína gæti verið notuð sem hluti af námsmati nemenda.
- Niðurstöður nemenda voru góðar - námsmatið var sett fram óundirbúið fyrir nemendur.
- Nemendur áttu erfitt með að vinna með hugtökin ein og sér. Hugtakavinna í stærðfræði þarf að vera markvissari.
- Fyrirlögn í öllum árgöngum þyrfti að vera í janúar ekki fyrr.
- Hægt að nýta Talnalínu fyrir nemendur í sérkennslu og á þeirra forsendum.
- Ánægja með skjalið með hvernig skil eru til nemenda/forráðamanna.

#### Samantekt á styrkleikum og sóknarfærum:



- Allir kennarar vinna eftir *Læsisstefnu* skólans og nemendur taka lesfimiþróf og lesskilningsþróf með reglulegu millibili. Niðurstöður lesfimiþrófa eru settar inn á Skólagátt Menntamálastofnunar sem vinnur úr niðurstöðum. Niðurstöður sýna að nemendur í 1. bekk eru að fara mjög vel af stað í skólagöngunni sinni.
- Margir nemendur í 5., 6. og 7. bekk eru undir viðmiði 1. Mikilvægt að vinna markvisst með þá nemendur í lesfimi.
- Mjög góður stuðningur sem við fáum frá kennsluráðgjöfum Fræðsluskrifstofunnar með skimunum sem þessum, markvissum skilafundum og umræðu um úrræði fyrir nemendur.
- Nýtt fyrirkomulag í Logos skimun kom mjög vel út. Aðeins nemendur sem hafa ekki náð viðmiði 2 við lok síðasta skólaárs í 6. og 9. bekk voru skimaðir til að greina frá þá sem þurfa að fara í heildargreiningu.
- Niðurstöður Talnalínu komu almennt vel út hjá nemendum í 3., 6. og 8. bekk. Skoða þarf og vinna með markvisst í 3. bekk hugtökin ein og sér í 6. bekk þar að skoða margföldun og almenn brot og í 8. bekk að leysa flókna jöfnu, breyta rúmmetrum í lítra og þyngri dæmi þegar kemur að deilingu tugabrota og almennra brota. Kennarar nýta þessar niðurstöður í sinni kennslu. Haldið verður áfram að leggja Talnalínu fyrir.

#### 6.3 Starfsandi og líðan starfsmanna

Í starfsmannasamtölum var spurt um líðan og kemur þar fram að starfsmönnum líður almennt mjög vel. Starfsmenn svara fyrirfram spurningarlista til undirbúnings fyrir viðtalið og í spurningunni um ánægju í starfi velja þeir af kvarðanum 1-5 þar sem 1 þýðir slæmt en 5 mjög gott eða jákvætt. Meðaltal ánægju í starfi var 4.44 af 91 svari starfsmanna. Niðurstöður eru mjög sambærilegar og á síðasta ári en 53% starfsmanna svara með tölunni 5, 38% starfsmanna svara með 4, 9% með 3 en enginn með tölunum 2 eða 1. Í starfsmannakönnun Maskínu svara 80.8% að starfsandi sé mjög eða fremur góður. Í meðallagi segja 17.9% og aðeins 1.3% eða einn starfsmaður segir að hann sé mjög slæmur. Séu niðurstöður skoðaðar milli ára þá er meðaltal að lækka milli ára, frá 4.55 árið 2019 en er komið í 4.19 árið 2021.



|                   | Fjöldi | %      |
|-------------------|--------|--------|
| Mjög góður (5)    | 32     | 41,0%  |
| Fremur góður (4)  | 31     | 39,7%  |
| Í meðallagi (3)   | 14     | 17,9%  |
| Fremur slæmur (2) |        |        |
| Mjög slæmur (1)   | 1      | 1,3%   |
| Gild svör         | 78     | 100,0% |



Við skoðun á bakgrunni niðurstöðu við þessari spurningu og munur milli starfsheita þá er súlan fyrir almenna starfsmenn græn en fyrir grunnskólakennara og leiðbeinendur gul sem merkir tækifæri til nokkurra úrbóta. Súlan fyrir þá sem eru grunnskólakennarar er lægst.

### 3. Myndir þú segja að almennt séð ríki góður eða slæmur starfsandi á þínum vinnustað?

Mæling: 2021 Svið: Heild Stofnun: Grunnskólar




Skýring á litum meðaltals-súlna:  
 Græn súla: Styrkleikabil (4,20-5,00).  
 Gul súla: Tækifæri til nokkurra úrbóta (3,70-4,19).  
 Rauð súla: Tækifæri til mikilla úrbóta (1,00-3,69).

Meðaltöl fyrir hópa þar sem svarendur voru 5 eða fleiri.

Í starfsmannakönnun Maskínu er spurt út í álag í starfi og þar kemur fram í niðurstöðum að 78% starfsmanna ráða fremur illa við álag í starfi en 72.7% segja að þeir ráði mjög eða fremur vel við álag í starfi. Borið saman við niðurstöður á síðasta ári þá lækkar súlan frá 4.24 niður í 3.97. Enginn munur er á niðurstöðum séu kynin borin saman en ef niðurstöður eru skoðaðar út frá starfsheitum þá koma þeir sem eru leiðbeinendur lægst út og talan þeirra gefur tilefni til mikilla úrbóta.

### 11. Myndir þú segja að þú ráðir vel eða illa við það álag sem er á þér í þínu starfi?

Mæling: 2021 Svið: Heild Stofnun: Grunnskólar




Skýring á litum meðaltals-súlna:  
 Græn súla: Styrkleikabil (4,20-5,00).  
 Gul súla: Tækifæri til nokkurra úrbóta (3,70-4,19).  
 Rauð súla: Tækifæri til mikilla úrbóta (1,00-3,69).

Meðaltöl fyrir hópa þar sem svarendur voru 5 eða fleiri.

Þá kemur fram í könnun Maskínu að margir starfsmenn upplifa sig andlega örmagna í vinnunni en 49.4% starfsmenna svara oft eða mjög oft. Aðeins 16.9% svara spurningunni aldrei eða

sjaldan. Allar starfsstéttir innan skólans koma út með niðurstöðu með tækifæri til mikilla úrbóta eða með rauðar súlur.


### 13. Finnst þér þú oft, stundum, sjaldan eða aldrei vera andlega örmagna í vinnunni?



Eins og í fyrra þá kemur fram í könnun Maskínu að 2-3 starfsmenn upplifa einelti og/eða áreitni á vinnustað. Í kynningu á niðurstöðum var starfsmönnum bent á verklag til að bregðast við slíkum málum en mikilvægt er að starfsmenn sem upplifa einelti og/eða áreitni á vinnustað kynni sér verkferla bæjarfélagsins varðandi slík mál og láti stjórnendur eða trúnaðarmenn vita.

Það er án efa margir áhrifaþættir sem hafa áhrif á álag og eitt af því sem kom oft fram í starfsmannaviðtölun er álag í vinnuumhverfinu vegna Covid. Í könnun Maskínu er spurt um kvíða vegna Covid og tæp 30% segjast finna fyrir frekar eða mjög miklum kvíða og tæp 30% segjast finna fyrir engum, mjög eða fremur litlum kvíða vegna Covid. Þessar niðurstöður eru mjög svipaðar og niðurstöður frá síðasta skólaári.

### 20. Finnur þú fyrir miklum, litlum eða engum kvíða vegna COVID -19?



### Samantekt á styrkleikum og sóknarfærum:

- Í starfsmannasamtali kemur fram að almennt líður starfsmönnum vel og ekki merkjanleg breyting frá fyrri árum.
- Nær allir eru svara að starfsandi á vinnustað sé mjög eða frekar góður.
- Helst eru það almennir starfsmenn sem upplifa góðan starfsanda. Súlan er lægst hjá grunnskólakennurum og gefur vísbeningar um að þar eru tækifæri til umbóta.

- Hátt hlutfall starfsmanna svarar að þeir ráði illa við álag í starfi í könnun Maskínu og kom það einnig fram í starfsmannasamtölum.
- Niðurstöður um álag í starfi fyrir leiðbeinendur koma út á rauðri súlu sem gefur vísbendingar til að mikilla úrbóta er þörf.
- Súlur hjá öllum starfsstéttum innan skólans benda til mikilla úrbóta í andlegri örmögnun í vinnunni.
- Ákveðinn fjöldi starfsmanna sem upplifir einelti eða áreitni á vinnustað og mikilvægt að kynna vel viðeigandi verkferla hjá bæjarfélaginu og árétta að öllum slíkum ábendingum er tekið alvarlega og unnið með slík mál.
- Álag og kvíði vegna Covid er mælt og stendur það í stað milli ára.


### 6.3.1 Nemendur – árangur og líðan

Þeir þættir sem spurt er um í nemendakönnun Skólalúpsins eru virkni nemenda í skólanum, líðan og heilsa og skóla- og bekkjarandi. Einnig er nemendum gefin kostur á því að koma með athugasemdir í opin svör, bæði um það sem þeir eru ánægðir með og það sem þeir vilja sjá öðruvísi í skólastarfinu.

#### 1. Virkni nemenda í skólanum


| Matsþættir ↑↓                      | Niðurstaða | N   | Breyting | Landið | N      | Mismunur |
|------------------------------------|------------|-----|----------|--------|--------|----------|
| 1.1. Ánægja af lestri              | 4,3        | 117 | -0,3     | 4,4    | 16.560 | -0,1     |
| 1.2. Prautseigja í námi            | 4,9        | 119 | 0,1      | 4,5    | 16.652 | 0,4*     |
| 1.3. Áhugi á stærðfræði            | 5,6        | 120 | 0,1      | 4,8    | 16.891 | 0,8*     |
| 1.4. Ánægja af náttúrufræði        | 4,5        | 120 | -0,3     | 4,5    | 16.877 | 0,0      |
| 1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi | 4,6        | 120 | -0,1     | 4,4    | 16.645 | 0,2      |
| 1.6. Trú á eigin námsgetu          | 5,4        | 120 | -        | 4,9    | 16.854 | 0,5*     |

Ánægja nemenda af lestri lækkar lítillega milli ára og ef skoðaðar eru niðurstöður innan skólaársins þá sést að meðaltal lækkar eftir því sem líður á skólaárið. Nemendur tóku þátt í verkefninu Skólaslit á vegum Fræðsluskrifstofu til að efla áhuga á lestri og var það verkefni í október 2021. Læstisteymi skólans stóð einnig fyrir lestrarviku í nóvember og janúar. Þá var vinsældarlisti bóka á útláni frá bókasafni settur upp á sal til að auka áhuga á lestri.




Myndin sýnir breytingar á niðurstöðu skólans á milli mánaða í samanburði við þróunina á landinu í heild.


Enginn ákveðin árgangur er marktækt yfir eða undir landsmeðaltali en nemendur í 8.og 10. bekk koma lægst út.




Nemendur koma marktækt yfir á þáttunum þrautsegja í námi og trú á eigin námsgetu. Stúlkur mælast sérstaklega hátt í þrautsegja í námi á meðan strákar eru við landsmeðalta drengja.




Stúlkur er einnig marktækt yfir landsmeðaltali í trú á eigin námsgetu og strákar eru rétt yfir landsmeðaltali.



Allir árgangar nema 7. bekkur er fyrir ofan landsmeðaltal í trú á eigin námsgetu og 8. og 9. bekkur eru marktækt yfir landsmeðaltali.




Áhugi nemenda á stærðfræði heldur áfram að hækka er marktækt fyrir ofan landsmeðaltal eða 5.6 þegar landsmeðaltal er 4.8.




Myndin sýnir breytingar á meðaltali skólans á milli ára í samanburði við þróunina á landinu í heild.


Í öllum árgöngum er meðaltal áhuga í stærðfræði marktækt yfir landsmeðaltali nema í 7. bekk en þar eru nemendur þó vel yfir landsmeðaltali.



Áhugi nemenda á náttúrufræði hefur farið lækkandi síðustu ár og er núna á landsmeðaltali. Aðeins nemendur í 10. bekk eru yfir landsmeðaltali og hækka frá síðasta skólaári sem skýrist sennilega af áhugasviðsverkefnum sem þau vinna í þeim árangri.



Í matsþáttunum þrautsegja í námi og trú á eigin vinnubrögð þá eru nemendur rétt yfir landsmeðaltali og marktækt eru nemendur í 8. og 9. bekk yfir landsmeðaltali.




Í öðrum hluta nemendakönnunar Skólalúpsins er spurt um líðan og heilsu.

## 2. Líðan og heilsa


| Matsþættir ↑↓                              | Niðurstaða | N      | Breyting | Landið | N          | Mismunur |
|--------------------------------------------|------------|--------|----------|--------|------------|----------|
| 2.1. Sjálfsálit                            | 4,4        | 119    | 0,2      | 4,3    | 16.581     | 0,1      |
| 2.2. Stjórn á eigin lífi                   | 4,2        | 119    | -0,2     | 4,3    | 16.537     | -0,1     |
| 2.3. Vellíðan                              | 4,3        | 119    | -0,1     | 4,3    | 16.732     | 0,0      |
| 2.4. Áhyggjur og stress - ástæður          | -          | 32     | -        | -      | -          | -        |
| 2.5. Einelti                               | 5,8        | 119    | 0,1      | 5,6    | 16.708     | 0,1      |
| 2.6. Tíðni eineltis                        | 11,9%      | 14/118 | 0,3%     | 14,6%  | 2505/16639 | -2,7%    |
| 2.7. Staðir eineltis                       | -          | 14     | -        | -      | -          | -        |
| 2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar | 52,1%      | 62/119 | 5,2%     | 44,4%  | 7254/16290 | 7,7%*    |
| 2.9. Hollt mataræði                        | 4,4        | 119    | -0,1     | 4,6    | 16.431     | -0,2     |

Í spurningarþættinum um líðan og heilsu eru nemendur í Njarðvíkurskóla að koma svipað út og landsmeðaltal í flestum þáttum. Tíðni eineltis lækkar aðeins milli ára en ennþá eru ákveðin fjöldi nemenda að svara að þeir hafi verið lagðir í einelti þó mál hafi ekki verið tilkynnt til

skóla eftir verklagi. Mikilvægt er að starfsmenn fylgist vel með samskiptum og einnig að fara yfir skilgreiningu á einelti með nemendum. Tíðni hreyfingar hækkar um 7.7%, sérstaklega má greina hækkun hjá nemendum í 7., 8. og 10. bekk.



Í viðhorfsskönnun foreldra í 3., 6. og 9. bekk þá kemur fram að 78% forráðamanna upplifa að barninu þeirra líður vel í skólanum og 71% forráðamanna segja að samskipti milli nemenda eru góð. Þetta er lítil lækkun frá síðast skólaári. Þá segja 62% forráðamanna að skólinn taki af festu á aga og eineltismálum sem er lækkun um 10% frá síðasta ári. Fleiri svara hvorki né í þessum spurningum en á síðasta ári.




Í þriðja þætti Skólapúlsins er spurt um skóla- og bekkjaranda.

### 3. Skóla- og bekkjarandi


| Matsþættir ↑↓                      | Niðurstaða | N   | Breyting | Landið | N      | Mismunur |
|------------------------------------|------------|-----|----------|--------|--------|----------|
| 3.1. Samsömun við nemendahópinn    | 5,0        | 118 | 0,2      | 4,8    | 16.405 | 0,2      |
| 3.2. Samband nemenda við kennara   | 5,0        | 118 | 0,2      | 4,8    | 16.613 | 0,2      |
| 3.3. Agi í tímum                   | 4,7        | 118 | -0,4     | 4,9    | 16.595 | -0,2     |
| 3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum | 5,6        | 118 | 0,4      | 4,9    | 16.552 | 0,7*     |
| 3.5. Tíðni leiðsagnarmats          | 5,1        | 118 | -0,1     | 4,9    | 16.550 | 0,2      |

Í þáttum er varða skóla- og bekkjaranda eru niðurstöðurnar rétt yfir landsmeðaltali í samsömun við nemendahópinn sem og samband nemenda við kennara. Í spurningum um aga í tímum eru niðurstöður rétt fyrir neðan landsmeðaltal og lækkar milli ára. Þar eru það helst drengir sem upplifa minni aga í tímum og eru marktækt undir landsmeðaltali en spurningarnar sem eru undir í þessum lið eru:


- Kennarinn þarf að bíða lengi eftir því að nemendur róist.
- Nemendur geta ekki unnið vel
- Nemendur hlusta ekki á það sem kennarinn segir
- Nemendur byrja ekki að vinna fyrir en langt er liðið á kennslustundina.
- Það er hávaði og óróleiki.



Nemendur upplifa að þeir taki virka þátt í tímum, að þeir fái tækifæri til að útskýra hugmyndir sínar, fá að koma skoðunum sínum á framfæri og ræða saman um námsefnið. Í þessum þætti þá hækkar meðaltal vel á milli ára og eru allir árangar vel yfir fyrir utan nemendur í 6. bekk.



Á síðustu tveimur skólaárum hefur takmarkað gengið að vinna eftir PBS agakerfinu og í skýrslu PBS teymis fyrir skólaárið 2021-2022 kemur fram að áttak þarf í viðhald á agastefnunni á næsta skólaári. Eins var það oft nefnt í starfsmannasamtölum að agamál eru að hafa áhrif á líðan starfsmanna og starfsmenn upplifa að PBS agakerfið er ekki að virka eins og það á að gera. Í viðhorfskönnun til forráðamanna varðandi PBS agakerfið þá eru 79% þeirra mjög eða frekar ánægð með PBS agakerfið og 57% segja að agakerfið hafi áhrif á hegðun hjá sínu barni. Í þeirri spurningu svara 35% forráðamanna hvorki né sem er mjög hátt hlutfall.






**Samantekt á styrkleikum og sóknarfærum:**

- Áhugi nemenda á lestri mælist við landsmeðaltal og er markvisst unnið að efla þann áhuga með verkefnum eins og Skólaslit auk annarra verkefna frá læsisteymis skólans.
- Áhugi nemenda á stærðfræði heldur áfram að hækka og eru niðurstöður skólans hæsti punktur allra skóla. Allir árangar eru marktækt yfir landsmeðaltali nema 7. bekkur sem er þó yfir meðaltali.
- Lækkun er á áhuga nemenda í náttúrufræði og er áætluð vinna við færslu og breytingar á námsefni sem og breytingar á kennslufyrirkomulagi til að vinna að auknum áhuga nemenda í faginu.
- Nemendur upplifa mikla trú á eigin námsgetu og þrautseigju í námi. Stúlkur mælast yfir landsmeðaltali í báðum þessum þáttum.
- Agi í tímum mælist undir landsmeðaltali og í kynningu til nemenda á niðurstöðum skólapúlsins var farið yfir þetta þátt í því að hækka meðaltalið í þessum þætti.
- Matsþættir er varða líðan og heilsu koma flestir út á landsmeðaltali. Tíðni hreyfingar hækkar marktækt milli ára og eru allir árgangar fyrir utan nemendur 6. bekkjar vel yfir landsmeðaltali.
- Í skýrslu PBS teymisins kemur fram að vegna takmarkanna vegna Covid þá var ekki hægt að halda verkefninu áfram en margar hugmyndir koma fram sem teymið hyggst framkvæma á næsta skólaári sem er mikilvægt þar sem bæði starfsmenn og forráðamenn upplifa minnkandi áhrif agastefnunnar á skólaárinu.
- Flestir þættir í líðan og heilsu við landsmeðaltal. Unnið með heilsu- og forvarnarteymi skólans að því að fá fræðslu til nemenda varðandi líðan og heilsu, allt eftir markmiðum heilsueflandi grunnskóla.
- Áfram kemur of há tíðni eineltis miðað við tilkynnt mál til eineltisteymisins. Á starfsmannafundi að vori var rætt að mikilvægt er að vera með fræðslu til nemenda um hvað einelti er sem og fræðslu til forráðamanna varðandi verkferla varðandi tilkynningar á eineltismál.


**6.4 Upplýsingastreymi**

Niðurstöður viðhorfskönnunar foreldra sýna að 89% forráðamanna eru mjög eða frekar sammála um að upplýsingarflæði frá skóla er gott en 5% eru mjög eða frekar ósammála.




Í starfsmannakönnun Maskínu er spurt hvort starfsmenn fái upplýsingar til að vinna starf sitt vel og svara 89.7% starfsmanna að þeir séu mjög eða frekar sammála því. Þeir sem segja að það sé í meðallagi eru 10.3 en enginn er fremur eða mjög ósammála. Einnig er spurt um upplýsingar og yfirferð á árangri í starfi. Þar eru 71.4% mjög eða frekar sammála að það sé farið reglulega yfir árangur í starfi en 9.1% starfsmenna eru fremur eða mjög ósammála að það sé gert.

7. Á vinnustaðnum mínum förum við reglulega yfir árangur í starfinu okkar.



#### 6.4.1 Samskipti við forráðamenn

Í viðhorfsskönnun forráðamanna í febrúar 2022 eru 85% þeirra mjög eða frekar sammála því að skólinn taki tillit til athugasemda og óska forráðamanna og 96% þeirra treysta starfsfólki skólans mjög vel eða vel sem eru svipaðar niðurstöður eins og á síðasta skólaári. Þá svara 81% forráðamanna að skólinn njóti virðingar í samfélaginu en 15% þeirra svara hvorki né. Jákvæðar niðurstöður við spurningunni um hvort forráðamenn upplifi sig vera velkomna í skólann hækka frá því á síðasta skólaári en 88% eru mjög eða frekar sammála því að upplifa sig velkomna í skólann enda var minna um samkomutakmarkanir á þessu skólaári en á því síðasta. Nær allir forráðamenn upplifa að þeir fylgist vel með námi barnanna sinna eða 92% eru því mjög eða frekar sammála. Í ár spurðum við hvaða leið forráðamenn nota til að fylgjast með námi hjá barninu sínu og flestir nota Mentor til þess en einnig í gegnum samskipti við barnið. Fæstir fylgdust með námi barnsins í gegnum heimanám.



Samtalsdagar eru tvisvar sinnum á skólaárinu. Þetta skólaárið var fyrirkomulag með öðru sniði en hefðbundið er vegna samkomutakmarkanna eins og á síðasta skólaári. Fyrri samtalsdagurinn var hefðbundinn, forráðamenn pöntuðu tíma í gegnum Mentor og mættu í viðtal í skólanum en seinni viðtaldagurinn fór fram í gegnum TEAMS samskiptaforritið vegna takmarkanna. Forráðamenn nemenda með annað tungumál en íslensk voru boðaðir til viðtals í skóla með túlki og gætt var að almennum sóttvörnum.

Í haust voru skólakynningar sendar rafrænt heim en sá háttur var einnig hafður skólaárið áður og mæltist það vel fyrir. Kennarar í 1. bekk boðuðu forráðamenn til sín seinnipart á kynningu þar sem margir þar eru að hefja sína skólagöngu sem grunnskólaforeldrar. Gott samstarf er milli skólans og stjórnar foreldrafélagsins og sitja fulltrúar foreldrafélags skólans í skólaráði sem fundar undir stjórn skólustjóra 4-5 sinnum á hverju skólaári og hefur þar áhrif á ýmsa þætti tengda skólastarfi.

**Samantekt á styrkleikum og sóknarfærum:**

- Stöðugleiki er í jákvæðri upplifun forráðamanna á upplýsingarstreymi frá skóla.
- Hækkun er á upplifun forráðamanna um að þeir séu velkomnir í skólann sem skýrist að minni samkomutakmörkunum en skólaárið áður.
- Nær allir forráðamenn svara að þeir fylgist vel með námi barna sinna og þá helst í gegnum Mentor og í samtali við börnin sín.
- Rafrænar skólakynningar voru að hausti hjá öllum árgöngum nema 1. bekk sem mældust vel fyrir. Það fyrirkomulag er komið til að vera.
- Framkvæmd á samtalsdeginum tókst vel. Fyrri viðtalið var tekið í skóla en boðið var uppá Teams viðtal við þá forráðamenn sem komust ekki á staðinn. Seinna viðtal var á Teams vegna takmarkanna og tókst vel.
- Gott samstarf er við stjórn foreldrafélagsins og í skólanum er virkt skólaráð.

## 7. Framkvæmdamat

Viðburðir í skólanum eru margir og eftir hvern viðburð er kallað eftir athugasemdum starfsfólks um hvað má gera betur og hvað gekk vel.

| Viðburður:                               | Hverjir mátu:            | Mat og það sem má betur fara:                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                   |
|------------------------------------------|--------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Skólasetning                             | Deildarstjórar           | Skólasetning 23. ágúst var skipt niður í fjögur skipti í heimastofum og á sal skólans hjá 1. bekk. 2., 3. og 4. bekkur kl. 9:00, 5., 6. og 7. bekkur kl. 10:00, 8., 9. og 10. bekkur kl. 11:00 voru í heimastofum. 1. bekkur kl. 13:00 fyrst á sal og síðan í heimastofu. 1-2 forráðamaður með hverju barni. Í 2.-10. bekk mættu nemendur án forráðamanna. Skólasetning tókst vel.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                              |
| Skólakynningar                           | Kennarar                 | Skólakynningar voru í heimastofum á skólasetningardegi og var mikil ánægja með þær. Voru svo sendar rafrænt heim til foreldra.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                  |
| Samfella á milli skólastiga/ Brúum bilið | Deildastjóri yngra stigs | Gagnkvæmar heimsóknir elstu nemenda á leikskólanum Gimli og 1. bekk voru reglulega allt skólaárið. Allir leikskólar í Reykjanesbæ fengu boð um heimsókn í skólann með tilvonandi nemendum Njarðvíkurskóla. Það komu nemendur fá öllum leikskólunum í heimsókn í 19. maí og fengu kynningu á skólanum sem var ótrúlega skemmtilegt.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                              |
| Samtalsdagar í október og febrúar        | Deildarstjórar           | Samtalsdagur 13. október. Forráðamenn bókuðu viðtöl í gegnum Mentor og fóru viðtölin fram í heimastofum nemenda. Ef forráðamenn óskuðu eftir viðtali við fag-, list- og verkgreinakennara, sem einnig eru til viðtals þennan dag, þá er haft samband við skrifstofustjóra skólans sem bókaði viðtölin.<br>Samtalsdagur 1. febrúar. Vegna Covid fóru viðtölin fram rafrænt í gegnum forritið Teams.<br>Bókun viðtala fór fram í gegnum Mentor. Þegar forráðamenn hafa skráð sig í viðtal þá fá þeir sendan tölvupóst með slóð á Teams fund. Líkt og tíðkast í foreldraviðtölum þá eru nemendur með forráðamönnum sínum í viðtalinu og þar sem mögulegt er, að hafa opið fyrir mynd.<br>Nemendur svöruðu rafrænni könnun um líðan fyrir viðtalið. |
| Dagur íslenskrar tungu                   | Allir starfsmenn skólans | Dagur íslenskrar tungu var haldinn hátíðlegur á sal skólans 16. nóvember fyrir 1.-6. bekk kl. 8:25-9:30 og 7.-10. bekk kl. 10:00-11:00.<br><br>Nemendur sungu, lásu upp ljóð, lásu smásögur og margt fleira.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                    |

|                                 |                |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 |
|---------------------------------|----------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
|                                 |                | Nemendur úr skólahóp af leikskólanum Gimli voru ekki með atriði á dagskrá yngra stigs vegna covid. Almenn ánægja var með skipulagið.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                            |
| Lestrarvika nóvember            | Læsisteymi     | Lestrarvika var dagana 9.-16. nóvember og lauk á Degi íslenskrar tungu. Áhersla og verkefni í 1.-10. bekk voru á lestur og hlustun bæði heima og í skóla.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                       |
| Upplestur rithöfunda í desember | Deildarstjórar | Ævar Þór Benediktsson rithöfundur var með upplestur á sal 9. nóvember fyrir 5.-7. bekk og svo aftur með rafrænan upplestur fyrir 4.-7. bekk 8. desember. Gunnar Helgason rithöfundur var með upplestur á sal 29. nóvember fyrir 3.-6. bekk. Vilborg á bókasafninu var með upplestur 3. desember fyrir 1. bekk og Sjöfn Sóley fyrir 2. bekk. Bjarna Fritz rithöfundur var með upplestur á upptöku/myndbandi sem nemendur hlustuðu/horfðu á í vikunni 6.-10. desember. Kjartan Atli Kjartansson rithöfundur var með upplestur á sal 13. desember fyrir 7.-10. bekk. Ari Hlynur Guðmundsson Yates rithöfundur var með rafrænan upplestur 14. desember fyrir 1.-3. bekk. Þetta fyrirkomulag kom vel út og getur verið hvatning að fá fleiri upplestra á þessu formi ásamt því að fá heimsókn á sal. |
| Jólamatur/jólalegur dagur       | Deildarstjórar | Jólamatur og jólalegur dagur var á sal skólans 10. desember þar sem starfsmenn skólans báru fram matinn og voru í einhverju jólalegu.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                           |
| Jólafondur                      | Deildarstjórar | Jólafondur var 10. desember. Foreldrafélag skólans styrkti skólann til efniskaupa. Kennarar skiluðu inn pöntun á föndurefni fyrir föndurdaginn, jólahurð o.fl. sem tengist jólahátíðinni. 1. desember byrjuðu allir að huga að og vinna jólahurð hjá nemendum í (ekki samkeppni). Nemendur í 10. bekk skreyttu salinn.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          |
| Jólahátíð Njarðvíkurskóla       | Deildarstjórar | Jólahátíð Njarðvíkurskóla - Litlu jólin voru haldin hátíðleg 17. desember í heimastofum. Nemendur komu niður á sal í tveimur hópum þar sem þeir dönsuðu í kringum jólatréð með starfsmönnum skólans og horfðu á Helgileikinn sem nemendur í 6. bekk sáu um að sýna/flytja. Jólahátíðin gekk vel.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                |
| Lestrarvika í janúar            | Læsisteymi     | Lestrarvika var 17.-21. janúar - Að efla áhuga á læsi. Læsisteymið þurfti að breyta áherslum lestrarvikkunnar og var þess vegna Ekki hægt að tengja Lestrarvikuna                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                               |

|                                     |                           |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                    |
|-------------------------------------|---------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
|                                     |                           | <p>við Þorrann eins og lagt var upp með vegna Covid og takmarkana henni tengdri. Nýtt skipulag fyrir lestrarviku sett í skjal og sent á alla starfsmenn.</p> <p>Markmið lestraráðsins var að auka áhuga og ánægju nemenda á lestri og efla um leið lestrarfærni og leggja enn meiri áherslu á rafrænan lestur hjá 6.-10. bekk þar sem nemendur eru um leið að fræðast um ýmislegt milli himins og jarðar. Hugmyndin var að nemendur kynni sér þema dagsins, velji sér a.m.k. þrjár greinar á hverjum degi til að lesa heima og/eða í skólanum og eigi í framhaldi umræðu um innihald greinanna í skólanum.</p> <p>Lestarátakið tókst mjög vel.</p> |
| Öskudagur                           | Allir starfsmenn          | <p>Öskudagurinn var haldinn á hefðbundinn hátt. Nemendur í 1.-5. fóru á milli fimm stöðva sem voru bæði í skólanum og íþróttahúsinu. En nemendur í 6.-10. bekk gátu valið á milli níu stöðva sem voru í stofum og á sal.</p> <p>Dagurinn var mjög skemmtilegur og gekk vel.</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                    |
| Upplestrarkeppnin hjá 7. bekk       | Deildarstjóri eldra stigs | <p>Keppnin gekk vel og var almenn ánægja með framkvæmd og ásýnd keppinnar. Dómarar voru Haraldur Axel Einarsson grunnskólafulltrúi, Ásgerður Þorgeirsdóttir skólastjóri og Anna Hulda Einarisdóttir kennsluráðgjafi.</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                           |
| Þemadagar 15.-16. mars              | Deildarstjórar            | <p>Þemað var 80 ára afmæli skólans. Árgangar unnu stigskipt að ýmsum skemmtilegum verkefnum sem tengjast sögu skólans og afmælishátíð hans.</p> <p>Seinni daginn var afmælishátíð og þá voru allir nemendur hvattir til að koma í sparilegum klæðnaði og öllum var boðið uppá súkkulaði afmælistöku og ískalda mjólk í boði MS. Í lok dags var svo danspartýi í íþróttahúsinu þar sem Emmsjé Gauti söng nokkur lög.</p>                                                                                                                                                                                                                            |
| Litla upplestrarkeppnin hjá 4. bekk | Deildarstjóri yngra stigs | <p>Litla upplestrarkeppnin var haldin á sal 16. maí. Nemendur í 3. bekk, forráðamenn og gestir voru áhorfendur. Keppnin var mjög hátíðleg og gekk allt vel.</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                    |
| Dagur stærðfræðinnar                | Stærðfræðikennarar        | <p>Dagur stærðfræðinnar var haldinn 14. mars. Allir kennarar voru hvattir til að vinna að stærðfræðilegum viðfangsefnum og horfa til þess að stærðfræði má sjá í flestum viðfangsefnum ef sett eru upp stærðfræðigleraugun.</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                    |

|                             |                  |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                            |
|-----------------------------|------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Íþróttadagur                | Íþróttakennarar  | Skipulag var í höndum íþróttakennara og var dagskráin tvískipt 1.-5. bekkur og 6.-10. bekkur. Keppni milli kennara og nemenda var frestað fram að vorhátíð skólans.                                                                                                                                                                                                                                                                        |
| Ferðir/útinám í maí og júní | Allir starfsmenn | Allir bekkir fóru í vorferðir 30. maí., 31. maí og 1. júní. Mikilvægt að panta rútur snemma. Dagana sem nemendur voru ekki í ferðum voru þeir dagar skipulagðir með útinám í huga. Mjög gott að óska eftir skipulagi frá kennurum varðandi útinámið.                                                                                                                                                                                       |
| Hátíðarkvöldverður          | Skólastjórnendur | Hátíðarkvöldverður fyrir nemendur í 10. bekk var haldinn 5. maí. Fulltrúar forráðamanna í 10. bekk sáu um skipulagningu á kvöldverðinum. Pantaður var aðalréttur og eftirréttur frá Soho. Nemendur settu saman myndbönd. Öllum starfsmönnum var boðið að skrá sig á kvöldverðinn.                                                                                                                                                          |
| Vorhátíð nemenda            | Allir starfsmenn | Fjölbreytt dagskrá sem var skipulögð úti en vegna veðurs þurfti að færa BMX brós í íþróttahúsið. Á hátíðinni var m.a. skruðganga, leikir um alla skólalóð, sáupubolti, dans, leikir milli nemenda og starfsmanna í fótbolta og körfubolta. Litahlaup sem gekk einstaklega vel. Hátíðin gekk vel og skipulagið gott. Gott að heyra tímalega í Brunavörnum Suðurnesja og lögreglu. Útbúa þarf duft fyrir litahlaupið með góðum fyrirvara.    |
| Skólaslit                   | Skólastjórnendur | Skólaslitin voru í fimm skipti á sal skólans, 1.-2. bekkur kl. 8:30, 3.-4. bekkur kl. 9:30, 5.-6. bekkur kl. 10:30, 7.-9. bekkur kl. 11:30 og 10. bekkur kl. 13:00. Flutt voru tónlistaratriði á öllum skólaslitunum. Athafnirnar tóku um 15-30 mínútur á sal og svo fóru nemendur/forráðamenn í umsjónarstofur í nokkrar mínútur. Aðeins voru veittar viðurkenningar fyrir 7.-10. bekk. Mjög vel mætt af forráðamönnum á öll skólaslitin. |
| Útskrift hjá 10. bekk       | Skólastjórnendur | Útskrift nemenda í 10. bekk var 7. júní kl. 13.00 á sal skólans. Flutt tónlistaratriði, aðstoðarskólastjóri stjórnaði útskriftinni. Umsjónarkennarar, fulltrúi nemenda og skólastjóri fluttu ræðu. Allir nemendur fengu trefla að gjöf. Fjöldi viðurkenninga voru veittar.                                                                                                                                                                 |
| Kaffihúsafundur             | Deildarstjórar   | Matsfundur starfsfólks á starfsdögum í júní var felldur niður.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                             |

## 8. Umbótaáætlun

Á grunni þessarar sjálfsmatsskýrslu er unnin áætlun um aðgerðir og umbætur til eins árs, eða til vors 2023. Sú áætlun er kynnt starfsfólki að hausti 2022. Þá er unnin langtímaáætlun til umbóta, til næstu þriggja ára eða til loka skólaársins 2023.

Reykjanesbæ, júní 2022

Ásgerður Þorgeirsdóttir, skólastjóri  
Guðný Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri